

DEILD ENSKRA SETA Á ÍSLANDI



Skýrsla Stjórnar 2016

Lögð fram á ársfundi 27. mars 2017.

Stjórn deildar Enska Setans 2016-2017

Einar Guðnason (formaður), Kristinn Þór Einarsson, Ólafur Ragnarsson, Hrafn Jóhannesson og Þórgunnur E. Pétursdóttir.

Starfið

Deild Enska Setans var endurvakin á stofnfundi þann 8. júní 2016. Þar buðu fimm manns sig fram til stjórnar: Einar Guðnason, Hrafn Jóhannesson, Kristinn Einarsson, Ólafur Ragnarsson og Þórgunnur Pétursdóttir. Ný stjórn hittist svo á sínum 1. stjórnarfundum þann 10. júní og skipti með sér verkum. Formennsku tók Einar Guðnason að sér, Þórgunnur er ritari en Hrafn, Ólafur og Kristinn meðstjórnendur. Ákveðið var að fá gjaldkera utan stjórnar. Rut Valgeirsdóttir var fengin til verksins. Vilhjálmur Ólafsson tók að sér að sitja í veiðiprófanefnd fyrir deildina. Stjórn fékk Þorstein Friðriksson til að sinna gagnavörslu. Hrafn Jóhannesson sagði sig frá stjórnarstöfum í ágúst vegna persónulegra ana. Með stofnfundinum fundaði stjórn alls 7 sinnum á tímabilinu en hafði að auki mikil samskipti bæði í gegnum net og síma. Deildin fékk kennitölu áhugamannafélags um Enskan Seta á Íslandi auk léns. Heimasíðan, www.enskursetter.is er komin í loftið en unnið er að því að uppfæra ýmsar upplýsingar sem á henni eru. Netfang stjórnar er stjorndesi@gmail.com. Eins höfum við útbúið öflugan gagnabanka á netinu þannig að nýjir stjórnarmeðlimir geti sett sig inn í málefni fyrri stjórna og einnig sótt sér þar fróðleik. Eitt af fyrstu verkum stjórnar var að útvega vinnuafli fyrir tvöfalda sýningu HRFÍ sem haldin var í júlí. Við ákváðum að taka jákvætt í þetta þó að deildin væri rétt nýstofnuð. Stjórn vill koma á framfæri þakklæti til þeirra sem lögðu hönd á plóginn. Stjórn setti saman veiðiprófadagskrá fyrir árið 2017 sem fékkst að lokum samþykkt. Það tók þó nokkurn tíma en nú hafa verkferlar verið útbúnir fyrir umsókn veiðiprófa og höfum ekki trú á öðru en að næsta umsókn eigi eftir að ganga vel fyrir sig. Vel hefur gengið að fá styrktaraðila og mun sú vinna halda áfram á næstu misserum. Stjórn hefur átt gott samstarf við Vorstehdeild varðandi málefni hunda í grúppu 7 og nú undanfarið einnig Fuglahundadeild. Deildirnar hafa unnið að breytingartillögum við reglur um dómaramám, dómaramaráð og siðareglur dómara. Þessar breytingartillögur hafa ekki fengist samþykktar ennþá en til stendur að funda um málið með fulltrúa stjórnar HRFÍ í apríl 2017. Á tímabilinu bauð deildin einnig uppá skemmtilega viðburði eins og hvolpahitting, hlýðni- og stöðugleikaæfingar og í samstarfi við Vorstehdeild vorum við með æfingagöngur og sýningaþjálfanir.

Got á árinu

Tvö got fæddust á vormánuðum 2016. Húsavíkuræktun var með got í febrúar undan Húsavíkur Normu og Hrímpöku Francini og Rjúpnabrekku ræktun var með got í mars undan Háfjalla Pörmu og Húsavíkur Mjölni frá Rjúpnabrekku.

Dagskráin framundan

Deildin mun bjóða uppá 3 heiðapróf og tvö sóknarpróf á árinu, sjá nánar á heimasíðu deildar <https://enskursetter.is/dagskra/>. Auk þess verða áframhaldandi æfingagöngur eitthvað frameftir vori og aftur í haust. Til stendur að bjóða uppá framhald á sameiginlegum hlýðni- og stöðugleikaæfingum en að þessu sinni utandyra og tengt við sóknaræfingar. Sýningaþjálfanir verða í boði fyrir sýningar HRFÍ.

Nýir meistarar á árinu 2016

Tveir hundar hlutu meistaranaufnbót C.I.E. ISSHCH Húsavíkur Mjölner frá Rjúpnabrekku varð íslenskur og alþjóðlegur sýningameistari, ISCH Rjúpnasels Skrugga varð íslenskur meistari.

Lokaorð

Nú þegar fyrsta starfsári deildarinnar eftir 10 ára hlé er lokið. Er okkur efst í huga þakklæti til þeirra sem studdu okkur í þeirri baráttu sem það vissulega var að fá að endurvekja ræktunardeildina okkar sem gengur jafnan undir skammstöfuninni DESÍ. Eins til þeirra sem hafa stutt við deildina eftir stofnun með vinnu, mætingu á viðburði, fjárframlögum og bara almennri jákvæðni. Við sigldum ekki allan tíman lygnan sjó en horfum þó björtum augum fram á við og vonum að friður og stöðugleiki komist á hið fyrsta. Við áttum mjög gott samstarf við Vorstehdeild á árinu og þökkum þeim fyrir ómetanlegan stuðning við endurstofnun DESÍ. Fólk með Gordon Seta á Íslandi fær sérstakar þakkir fyrir auðsýnda vináttu og stuðning.

F.H. stjórnar,

Einar Guðnason, formaður.